

1. fundur

Safnanefnd hélt sinn 1. fund á nýju kjörtímabili þann 15. september 1998 kl. 17:30.

Mættir voru Guðrún A. Gunnarsdóttir, formaður, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Páll Ólafsson, Ægir B. Jóhannsson, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir og Áslaug I. Kristjánsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna til starfa, skipaði ritara, setti fundinn og stýrði.

Dagskrá:

1. Styrkur frá menntamálaráðuneyti.
Sigurlína greindi frá svári ráðuneytis um styrkumsókn. Sótt var um 400 þúsund og fengust 320 þúsund. Loforð var um sömu upphæð frá bæjarstjórn. Fjárhæðina skal nota til tengingar Internetsins og tækjakaupa fyrir almenning svo og stofnun áttahagadeildar. Gera þarf svo skriflega grein fyrir notkun styrksins fyrir 01.02.1999.
2. Starfsemi Amtsbókasafnsins.
Sigurlína afhenti ljósrit af nýjum lögum nr. 36/1997 um almennings bókasöfn, bað fundarmenn að lesa þau og tjá sig svo á næsta fundi (sjá helstu breytingar í fundarg. 9. fundar). Enn er beðið eftir nýrri reglugerð. Sigurlína lagði fram ársskýrslu safnsins og ætlar svo á næsta fundi að vera með útlánatölur síðustu 10 ára.
3. Önnur mál.
Sigurlína sagði frá skráningu safnsins um þátttöku í Norrænu bókasafnsvikunni dagana 9.-15. nóvember 1998 og ber yfirskriftina Í ljósaskiptunum – Norræn fyndni, sjá nánar á meðf. ljósriti. Rætt hvað hægt væri að gera og fram kom áhugi Norræna félagsins skv. tali við formann þess um þátt í framkvæmd daganna. Til þessa verks er ekki neinn fjárstyrkur. Guðmundur óskaði eftir starfslýsingu nefndarinnar: skyldur og tengingar á milli þeirra þátta sem tengjast safnanefnd. Guðrún dreifði ljósriti úr Brimfaxa 1. tbl. 1998 um báta, bátasmíði og smíði sem tengjast Breiðafirði og tilboði Aðalsteins Aðalsteinssonar. Umræður um að sækja um alla styrki sem í boði eru, svo sem til Þjóðskjalasafnsins v/Héraðsskjalasafna. Sigurlína sagði frá athugunum sínum á nýjum innréttungum í afgreiðsluna, umræða um skiptibókamarkað og bókaútsölur á umframeintökum.

Niðurstaða fundarins var að Sigurlínu yrði falið að kanna utan síns fasta vinnutíma gögn og afla upplýsinga vegna stofnunar Breiðafjarðar áttahagadeildar, einnig að athuga tengingarmál f. netið, áskriftir, uppl. vefi og annað þessu máli tengt. Fundardagar nefndarinnar ákveðnir 1. miðvikudag í mánuði kl. 17:30.

Fundi slitið kl. 19:00.

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Gunnar Gunnarsson (sign.),

Áslaug I. Kristjánsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Guðmundur Páll Ólafsson (sign.).